



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Nefndasvið Alþingis
nefnasvið@althingi.is

Reykjavík, 6. mars 2023

Tilvísun: 202303-0177

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs), 35. mál.

Héraðssaksóknari vill benda á eftirtalin atriði í frumvarpinu:

1. Lagt er til að ákvæði 200. og 201. gr. almennra hegningarlaga verði felld brott. Rökin fyrir því eru þau að einnig sé lögð til sú breyting á 1. og 4. mgr. 202. gr. laganna að hækka kynferðislega lágmarksaldur í 18 ár og því sé ekki lengur þörf á ákvæðunum. Þarna er um ákveðin misskilning að ræða að því er varðar efni 200. gr. Bann við samræði, öðrum kynferðismökum eða kynferðislegri áreitni við barn eða annan niðja (sifjaspell) er alveg óháð aldri barnsins/niðjans. Er háttsemin því refsiverð þótt brotþolin sé eldri en 18 ára. Héraðssaksóknari getur því ekki tekið undir þessa breytingartillögu enda myndi hún rýra rétt brotþola sifjaspella.
2. Lagt er til að ákvæði 204. gr. laganna falli brott. Þau rök eru færð fyrir því að aðrar breytingar á lögnum feli í sér að ekki sé ástæða til að halda eftir ákvæði um gáleysi þar sem börn eigi ávallt að fá að njóta vafans. Þarna virðist vera um ákveðinn misskilning að ræða enda breytingin látin haldast í hendur við það að lagt sé til að 200. gr og 201. gr. falli niður. Ákvæði 204. gr. fjallar um þá stöðu þegar brot gegn 201. gr. eða 202. gr. er framið í gáleysi um aldur þess sem verður fyrir broti. Þetta ákvæði er mjög mikilvægt og nauðsynlegt enda er meginreglan sú að brot gegn almennum hegningarlögum eru eingöngu refsiverð séu þau framin af ásetningi, sbr. 18. gr. laganna. Fyrir gáleysisbrot er eingöngu hægt að refsa ef sérstök heimild er til þess í lögnum. Ákærvaldið ber sönnunarbyrðina þegar kemur að því að sanna að gerandi hafi haft ásetning til brots og þarf í málum sem varða brot gegn börnum að sanna að viðkomandi hafi vitað að brotþoli var undir aldri á verknaðarstundu. Sú sönnun er stundum torveld og þá er mjög mikilvægt að hafa gáleysisákvæði í lögnum að því er varðar aldurinn.
3. Að því er varðar meginefni frumvarpsins, þ.e. að hækka s.k. kynferðislegan lágmarksaldur úr 15 árum í 18 ár, setur embættið spurningarmerki þar við. Þetta aldursmark var síðast hækkað árið 2007 úr 14 árum í 15 og þá m.a. vísað til rannsókna sem lágu fyrir um viðhorf ungmenna sjálfra til þessa efnis. Í frumvarpinu nú er ekki vísað til neinna rannsókna hvað þetta varðar og svo stór breyting sem þessi þarf að eiga sér stað að undangenginni ítarlegri skoðun. Vissulega eru ungmenni börn í skilningi laga til 18 ára aldurs en ungmenni á aldrinum 15-17 ára hafa samt sem áður

sjálfsákvörðunarrétt um ýmislegt og því er það mat embættisins að ekki sé ráðlegt að gera svo stórar breytingar á aldursviðmiðinu á þessari stundu og án nánari skoðunar.



Embætti héraðssaksóknara

A handwritten signature in blue ink, reading "Kolbrún Benediktsdóttir".

Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari